

Nr. 80.
14. nóvbr.

Lög

um

breyting á lögum nr. 12, 9. júlí 1909, um breyting á lögum
um stofnun landsbanka 18. sept. 1885, m. m.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:
1. gr.

1. gr. orðist svo:

Í stjórn Landsbankans eru 3 bankastjórar, er stjórnarráðið skipar. Skál einn þeirra hafa leyst af hendi próf í lögfræði, er veitir rjett til embætta þeirra á Íslandi, er lögfræðingar skipa.

Stjórnarráðið getur vikið bankastjórum frá um stundarsakir, einum eða fleirum, þegar því þykir brýn nauðsyn til bera, og að fullu og öllu, ef miklar sakir eru, enda geri þeim skriflega grein fyrir, hvað veldur.

Stjórnarráðið setur mann til að gegna bankastjórastarfi um stundarsakir, ef bankastjóri forfallast eða sæti hans verður óskipað að sinni.

2. gr.

3. gr. orðist svo:

Bankastjórar annast dagleg störf bankans. Nákvæmari fyriræli um samband þeirra sín á milli getur ráðherra sett.

3. gr.

4. gr. orðist svo:

Stjórnarráðið skipar bókara og fjehirði bankans og víkur þeim frá, hvorttveggja að fengnum tillögum bankastjórnar. Aðra sýslunarmenn skipar bankastjórnin og víkur þeim frá. Hún ræður starfstíma þeirra o. s. frv. Tveir bankastjórar skulu undirskrifa svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbrjef eða aðrar skriflegar skuldbindingar.

Kvittanir frá bankanum eru því að eins fullgildar, að fjehirðir hafi ritað undir þær og þeim fylgi áritun bókara um að þær sjeu athugaðar. Fjehirðir bankans má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórnar þarf til, nema með samþykki tveggja bankastjóra.

Verði ágreiningur milli bankastjóranna um eitthvert mál, er bankann varðar, ræður meiri hluti bankastjórnarinnar.

4. gr.

Nr. 80.
14. nóvbr.

5. gr. 1. setning orðist svo:

Bankastjórar hafa í árslaun 6000 krónur.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1918.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 14. nóvember 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Jónsson.